

svaraði: „Ætli það séu ekki um hundrað.“ Snorri snerist á hæli og gekk út.

Víkur nú sögunni að Christopher.

Einn daginn þegar við vorum saman á vaktinni, afleysingalæknirinn og ég, var komið með konu inn á deildina. Hún hafði verið farþegi í framsæti Volkswagen-rúgbrauðs sem hafði lent í árekstri með þeim afleiðingum að konan lenti með hægra hné í mælaborði rúgbrauðsins. Þetta var að sjálfsögðu fyrir tíma bílbelta. Þegar hún kom til okkar var hún með hægra læri innroterað og máttum við lítt hreyfa fótinn sakir eymsla og stíðleika í mjöðminni. Læknirinn sendi konuna snarlega niður á Röntgen og bað um mynd í Lauensteinstillingu, það er með lærið útroterað og aðeins flecterað. Ekki reyndist unnt að taka slíka mynd því mjöðmin var föst í innrotatio og varð ekki hnikað að konunni vakandi. Allt um það sýndi myndin að mjöðmin var luxeruð aftur á við. Læknirinn hélt áfram að heimta mynd í Lauensteinstillingu án árangurs. Lauk svo að hann varð að láta sér það lynda.

Konan var nú undirbúin undir aðgerð og flutt inn á skurðstofu og svæfð. Ekki gerði læknirinn sig líklegan til aðgerða heldur gekk um gólf, fór ýmist inn á skrifstofu lækna eða fram á gang.

Mig fór að gruna að hann hefði líklega aldrei séð slíkt tilfelli, en ég mundi að hafa séð þessu lýst í Christopher og að ég hafði séð í bókinni mynd af því hvernig slíku liðhlaupi skyldi reponerað. Eintak af bókinni var uppi í hillu á kandidateitsherberginu. Ég sótti bókina, fletti upp á myndinni og lagði bókina á borðshornið í læknskristofunni. Ekki leið á löngu þar til læknirinn skálmaði inn. Rak hann augun í bókina, leit snöggt á myndina, gekk orðalaust raleiðis inn á aðgerðarstofuna og reponeraði liðhlaupinu eins og hann hefði aldrei gert annað.

Konunni heilsaðist vel, en aldrei minntist læknirinn á þetta atvik við mig.

*Vigfús Magnússon*



Mynd: Anna Björnsdóttir.

## Unglæknir heldur fyrirlestur á þingi bandarískra hjartalækna

Árlegt þing samtaka bandarískra hjartalækna (American Heart Association) var haldið í nóvember í Orlando í Flórída en það sækja hátt í 20.000 manns og er eitt stærsta læknaþing í heimi.

Á þinginu flutti Inga Hlíf Melvinsdóttir kandidateit á Landspítala fyrirlestur um faraldsfræði ósæðarflýsjunar í brjóstholi á Íslandi. Rannsóknin er einstök þar sem hún tekur til heillar þjóðar og nær bæði til sjúklinga sem fóru í aðgerð og þeirra sem ekki náðu lifandi inn á sjúkrahús. Um er að ræða rannsókn sem Inga hefur unnið að meðfram læknanámi síðustu

tvö árin og hefur aðalleiðbeinandi verið Arnar Geirsson hjartaskurðlæknir og aðstoðarleiðbeinandi Tómas Guðbjartsson prófessor. Óvenjulegt er að læknanemar og kandidateitar fái tækifæri til að kynna rannsóknir sínar í fyrirlestri á American Heart.

Með Ingu á myndinni er Martin Ingi Sigurðsson sem er að ljúka sérnámi í svæfinga- og gjörgæslulækningum við Brigham and Women's sjúkrahúsið í Boston. Hann kynnti einnig rannsóknir sínar á þinginu við góðan orðstír.